

Tillaga til þingsályktunar

um siðareglur fyrir forsetaembættið.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Atli Gíslason,
Valgerður Bjarnadóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Þráinn Bertelsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að undirbúa í samvinnu við embætti forseta Íslands setningu siðareglna fyrir forsetaembættið.

Greinargerð.

Í aðdraganda þess að Alþingi samþykkti að gerð skyldi rannsókn á aðdraganda bankahrunsins 2008 var lögð á það áhersla að rannsaka þyrfti þau siðfræðilegu viðmið sem viðgengjust í íslensku viðskipta- og stjórnmalalífi. Til þess var skipaður sérstakur vinnuhópur, sem skyldi leggja mat á hvort skýringar á falli bankanna megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði, svo sem fram kemur í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Skýrsla hópsins var gefin út sem viðauki við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, nánar tiltekið 8. bindi hennar.

Í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er ítarlega fjallað um siðferði og starfshætti í tengslum við aðdraganda hrunsins haustið 2008. Í niðurstöðum er m.a. vísað til óeðlilegra samskipta viðskiptalífs og stjórnmaláforustunnar í landinu en einnig eru tíunduð tengsl og samskipti forseta Íslands við útrásarvíkinga og ráðamenn í íslensku og erlendu fjármálalífi. Dregnir eru lærdómar af athugun hópsins og lagðar fram tillögur og ábendingar, m.a. um skort á siðareglum í stjórnkerfi okkar.

Stjórnvöld hafa brugðist við niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar með margvíslegum hætti, m.a. hafa verið sett ný lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, þar sem er að finna ákvæði um siðareglur fyrir stjórnarsýsluna og taka þau til ráðherra, aðstoðarmanna þeirra, embættismanna og annarra starfsmanna stjórnarráðsins. Einnig hefur verið leitt í lög með sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, að sveitarfélög í landinu skuli setja sér siðareglur með sambærilegum hætti. Þá eru ný ákvæði í þingskapalögum um siðareglur fyrir alþingismenn, sbr. lög nr. 84/2011, um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, auk þess sem settar hafa verið reglur um hagsmunaskráningu þingmanna og lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra hert.

Í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sérstaklega fjallað um embætti forseta Íslands (kaflí 11.4; bls. 170–178), m.a. um ræður forsetans í aðdraganda hrunsins, ferðalög í þágu útrásar, bréf hans og boð á Bessastöðum. Í ályktunum og niðurstöðum (sbr. fylgiskjal I) eru dregnir saman eftirfarandi lærdómar:

- *Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni.*
- *Setja þarf reglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki.*

- *Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veiti viðskiptalífínu stuðning.*

Enn bólar ekkert á setningu siðareglna fyrir forsetaembættið, nær tveimur árum eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis leit dagsins ljós 12. apríl 2010. Þvert á móti sýna bréfaskipti milli forseta Íslands og forsætisráðuneytisins að forseti telur að forsætisráðuneytið hafi farið út fyrir valdsvið sitt þegar það með bréfi, dags. 11. júní 2010, innti eftir því hvort og þá hvenær slíkar reglur yrðu settar. Í bréfi forseta Íslands, dags. 13. júlí 2010, kemur fram það álit forseta að „málatilbúnaður forsætisráðuneytisins sé rakalaus tilraun til íhlutunar í samskipti forsetaembættisins og Alþingis“. Er vísað til þess að „Alþingi hefur í framhaldi af skýrslunni ekki falið forsætisráðuneytinu erindrekstur gagnvart forseta Íslands“ (sbr. fylgiskjal V). Bréfaskipti þessi (sjá fylgiskjöl II–VII) komu til umræðu í Alþingi 19. október 2011, en þau voru ekki opinberuð fyrr en að fenginni niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál en fjölmiðlar höfðu lagt fram kröfur þar um.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að brugðist verði við niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar hvað forsetaembættið varðar, líkt og brugðist hefur verið við flestum öðrum niðurstöðum nefndarinnar, og að Alþingi feli forsætisráðuneytinu að hafa forgöngu um að setja siðareglur fyrir embættið enda kallar forseti eftir aðkomu Alþingis að þessu máli í bréfi sínu 13. júlí 2010. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram áfellingdómur yfir mörgum stofnunum samfélagsins sem kallar á aðgerðir af þeirra hálfu. Slíkar aðgerðir eru sjálfsagður hluti þeirrar sáttargjörðar sem er nauðsynleg til að hægt sé að vinna úr því áfalli sem þjóðin varð fyrir haustið 2008.

Telja flutningsmenn brýnt að Alþingi, sem einróma skipaði rannsóknarnefndina, hlutist til um að embætti forseta Íslands taki fullan þátt í slíkri sáttargjörð við þjóðina. Í því skyni verði settar góðar og gildar siðareglur sem embættinu beri að fylgja. Slík vinna fari fram með gagnsæjum hætti í anda lýðræðislegra umbóta sem nauðsynlegar eru í eftirleik hrunsins. Því er þingsályktunartillaga þessi flutt.

Fylgiskjal I.

*Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal,
Kristín Ástgeirsdóttir:*

Hlutur forseta Íslands.

Niðurstöður kafla 11.4, bls. 178 í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis:

Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008.

(<http://www.rannsoknarnefnd.is/html/vidauki1.html>)

Ályktanir og lærdómar

Þegar horft er til baka yfir þá atburði sem leiddu til hruns í íslensku efnahagslífi vekur þáttur forseta Íslands sérstaka athygli. Þótt stjórnkerfið í heild beri með margvíslegum hætti ábyrgð á því sem gerðist verður ekki hjá því komist að skoða embætti forseta Íslands sérstaklega, svo hart gekk forsetinn fram í þjónustu sinni við útrásina og þá einstaklinga sem þar voru fremstir í flokki. Forsetinn kom ekki að stjórnvaldsákvörðunum en hann ber ásamt

fleirum siðferðilega ábyrgð á því leikriti sem leikið var í kringum foringja útrásarinnar og fyrirtæki þeirra. Þau reyndust ekki vera í neinu frekar en keisarinn í sögu H.C. Andersen.

Ljóst má vera að forsetinn gekk mjög langt í þjónustu við einstök fyrirtæki og einstaklinga sem stýra þeim eins og hann hefur sjálfur viðurkennt nokkrum sinnum eftir hrunið.¹ Forsetaembættið var óspart nýtt í þágu einstakra aðila til að koma á tengslum víða um lönd. Þegar lýðræðislega kjörinn forseti lands talar á opinberum vettvangi sem fulltrúi þjóðar sinnar er jafnan hlustað og því skiptir máli hvað hann segir og við hverja hann talar. Þar liggur ábyrgð forseta Íslands. Forsetinn beitti sér af krafti við að draga upp fegraða, dramssama og þjóðerniskennda mynd af yfirburðum Íslendinga sem byggðust á fornum arfi. Það er athyglisvert að nokkrir þeirra eiginleika sem forsetinn taldi útrásarmönnum til tekna eru einmitt þeir þættir sem urðu þeim og þjóðinni að falli. Í ljósi sögunnar hefði þurft mun meiri aga og reglu-
festu við ákvarðanatöku, hófsemi í framkvæmdagledinni, reglur um skráningu fundargerða sem og óæskileg tengsl milli einstaklinga. Þrátt fyrir að kenningar forsetans væru harðlega gagnrýndar hélt hann áfram að lofa útrásina. Hann tók þátt í að gera lítið úr þeim röddum sem vöruðu við hættulega miklum umsvifum íslenskra fyrirtækja.

Lærdómar:

- *Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni.*
- *Setja þarf reglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki.*
- *Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veiti viðskiptalífínu stuðning.*

¹ Sjá ræðu forseta Íslands við setningu Alþingis 1. október 2008, nýársávarp 1. janúar 2009 og fréttir í RÚV 24. október 2009.

Fylgiskjal II.**Bréf forsætisráðuneytis til skrifstofu forseta Íslands, 11. júní 2010.**
(//www.mbl.is/media/51/3051.pdf)

Í viðauka 1 við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem út kom 12. apríl síðastliðinn, er fjallað um siðferði og starfshætti í tengslum við fall íslensku bankanna árið 2008. Í kafla um stjórnsýslu, stjórnsemi og stjórnsmál koma þar fram eftirfarandi tillögur varðandi forsetaembættið:

- Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni.
- Setja þarf reglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki.
- Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veiti viðskiptalífínu stuðning.

Varðandi fyrsti tillögun má gera ráð fyrir að úr henni verði unnið á vettvangi stjórnlagabings náí frumvarp forsætisráðherra (152. mál á 138. löggjafarþingi) þess efnis fram að ganga. Hins vegar telur forsætisráðuneytið rétt að óska eftir viðhorfum forsetaembættisins til þess hvernig staðið verði að því að hrinda hinum tillögunum tveimur í framkvæmd. Er þess óskað að svar berist eigi síðar en 30. júní næstkomandi.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Arnjótsdóttir



Páll Þórhallsson

Fylgiskjal III.**Bréf skrifstofu forseta Íslands til forsætisráðuneytis, 29. júní 2010.**
(<http://mbl.is/media/30/3030.pdf>)

Vísað er til bréfs forsætisráðuneytis, dags. 11. júní 2010.

Á fundi forseta og forsætisráðherra þann 25. júní síðastliðinn kom fram að bréfið byggi á margháttuðum misskilningi og því séu ekki forsendur til að bregðast frekar við því.

Virðingarfyllt,



Örnólfur Thorsson
forsetaritari

Fylgiskjal IV.**Bréf forsætisráðuneytis til skrifstofu forseta Íslands, 1. júlí 2010.**

(<http://www.mbl.is/media/52/3052.pdf>)

Vísað er til bréf yðar dags. 29. júní sl. Skilningur forsætisráðherra á fundi með forseta 25. júní síðastliðinn er annar en fram kemur í bréfi yðar. Þar hafi komið fram að forsetaembættið myndi koma sjónarmiðum sínum á framfæri með bréflægum hætti. Er því ítrekað erindi ráðuneytisins frá 11. júní síðastliðnum þar sem óskað er eftir viðhorfum forsetaembættisins til tillagna er það varða í viðauka 1 við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Telji forsetaembættið að umræddar tillögur eða aðkoma forsætisráðherra sé á misskilningi byggð er óskað eftir því að sú afstaða sé rökstudd með skriflegum hætti. Skýrsla rannsóknarnefndarinnar er nú til umfjöllunar á Alþingi og telur forsætisráðherra mikilvægt að stjórnvöld leggist á eitt að bregðast vel og málefnalega við tillögum í skýrslunni og standa Alþingi skil á eftirfylgni með þeim.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Arnljótsdóttir


Páll Þórhallsson

Fylgiskjal V.**Bréf forseta Íslands til forsætisráðherra, 13. júlí 2010.**

(http://www.forseti.is/media/PDF/Forsætisradherra_13juli2010.pdf)

Forsætisráðherra
Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytinu

*Benediktsson
13. júlí 2010*

Viðulegi forsætisráðherra

Sú venja hefur ríkt um áratugi að forseti og forsætisráðherra ræði á fundum sínum málefni og viðfangsefni sem þeir telja nauðsynlegt að fjalla um og ráði þeim þar til lykta. Þessi venja hefur gefist vel.

Bréfaskriftr frá embættismönnum forsætisráðuneytisins á borð við bréfin frá 11. júní 2010 og 1. júlí 2010 eiga sér hins vegar engin fordæmi enda er efni þeirra og form hvorki í samræmi við stjórnskipan lýðveldisins, stöðu forsætisráðherra innan ríkisstjórnar sem ekki er fjölskipað stjórnvald, né heldur sjálfstæði forseta Íslands eða Alþingis.

Bréfið sem dagsett er 11. júní 2010 var byggt á margvíslegum misskilningi af þessum toga eins og forseti rakti að eigin frumkvæði á fundi með forsætisráðherra 25. júní 2010. Í framhaldi af því bauð forseti að bréfið yrði dregið til baka svo forðast mætti að áréttu skriflega þennan misskilning. Á fundinum gerði forsætisráðherra engar athugasemdir við röksemdir forseta en kvaðst telja rétt að fyrst bréfið frá forsætisráðuneytinu hefði verið sent yrði því svarað með stuttri tilvísun í misskilning. Það var því gert.

Þessu næst skrifa embættismenn ráðuneytisins annað bréf dagsett 1. júlí 2010 og endurtaka fyrri tilskipanir. Því er rétt að áréttu eftirlarandi:

Forseti Íslands er þjóðkjörinn þjóðhöfðingi sem er ábyrgur gagnvart þjóðinni. Hann heyrir ekki undir forsætisráðuneytið, hvorki valdsvið ráðherra né embættismanna þess. Forsætisráðherra og embættismenn forsætisráðuneytisins hafa ekki boðvald yfir forseta eða geta gefið út tilskipanir um starfshætti hans.


Ríkisstjórn Íslands er ekki fjölskipað stjórnvald. Málefni sem snerta samskipti forseta við önnur ríki heyrja hvað aðkomu ráðherra varðar ekki undir forsætisráðuneytið samkvæmt reglugerð um stjórnarráð Íslands.

Rannsóknarnefndin sem Alþingi setti á fót starfaði í umboði þess og sama gildir um þingmannanefndina sem fjallar nú um skýrsluna. Alþingi hefur í framhaldi af skýrslunni ekki falið forsætisráðuneytinu erindrektur gagnvart forseta Íslands enda hefur forsetaembættið nú þegar átt gott og gagnlegt samstarf við þingmannanefndina án atbeina forsætisráðuneytisins. Sú staðreynd sýnir að málatilbúnaður forsætisráðuneytisins í fyrrgreindum bréfum er rakalaus tilraun til íhlutunar í samskipti forsetaembættisins og Alþingis. Auk þess er rétt að minna á að í skýrslu Rannsóknarnefndarinnar eru forsætisráðherra og forsætisráðuneytinu ekki falin nein verkefni gagnvart forseta Íslands.

Óskiljanlegt er hvers vegna forsætisráðuneytið hefur afskipti af málum með þessum hætti og sendir forseta bréflegar tilskipanir sem hvorki eiga stóðir í stjórnskipun lýðveldisins né skýrslu Rannsóknarnefndarinnar eða ákvörðunum Alþingis. Vera kann að þessi afskipti eigi rætur í þeirri tilhneigingu forystumanna ríkisstjórna sem áberandi hefur verið á undanförmum árum og áratugum og mjög hefur verið til umfjöllunar frá hruni bankanna, að fara út fyrir eðlileg valdmörk sín. Gagnvart embætti forseta birtist sú tilhneiging ekki einvörðungu í bréfunum tveimur heldur kom hún einnig fram á blaðamannafundi forsætisráðherra og fjármálaráðherra 27. apríl 2010.

Forsetaembættið hefur ávallt kappkostað að eiga góð og skilvirk samskipti við forsætisráðuneytið enda þjónar slíkt vinnulag hagsmunum lýðveldisins. Bréfin sem hér hafa verið rædd eru nýjung í þeim samskiptum sem ekki er vænleg til árangurs.

Fundir forseta og forsætisráðherra sem vikið er að í upphafi hafa í áratugi reynst gagnlegur og farsæll vettvangur til að greiða úr málum og tryggja eðlileg samskipti í samræmi við stjórnskipun lýðveldisins. Verður svo vonandi áfram.



Fylgiskjal VI.**Bréf forsætisráðherra til forseta Íslands, 15. júlí 2010.**

(http://www.mbl.is/media/53/3053.pdf)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 13. júlí sl., þar sem þér svarið bréfum forsætisráðuneytisins sem rituð voru fyrir hönd forsætisráðherra til skrifstofu yðar, dags. 11. júní og 1. júlí sl.

Tilfni fyrra bréfs ráðuneytisins til skrifstofu yðar var, eins og rakið er í bréfinu, viðauki 1 við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem út kom 12. apríl sl., en þar er fjallað um siðferði og starfshætti í tengslum við fall íslensku bankanna árið 2008. Í kafla um stjórnslu, stjórnsiði og stjórnsmál koma fram tillögur varðandi forsetaembættið.

Var í bréfinu óskað eftir viðhorfum embættis forseta Íslands til þess hvernig staðið yrði að því að hrinda tveimur tillagnanna í framkvæmd, setningu reglna um samskipti forseta við önnur ríki og setningu siðareglna fyrir embættið. Fyrir lá að unnið yrði að tillögu um að skýra þyrfti hlutverk forseta betur í stjórnarskránni á vettvangi stjórnlagabings næði frumvarp forsætisráðherra (152. mál á 138. löggjafarþingi) fram að ganga, sbr. nú lög nr. 90/2010.

Fram kemur í bréfi yðar að þér teljið óskiljanlegt hvers vegna forsætisráðuneytið hafi afskipti af málum forsetaembættisins með þessum hætti. Í því sambandi er vert að áréttta að síðara bréf forsætisráðuneytisins til skrifstofu yðar var ritað í kjölfar fundar forseta og forsætisráðherra þar sem viðauki 1 við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var til umræðu. Er það afstaða forsætisráðherra að niðurstaða þess fundar hafi verið sú að embætti forseta myndi í kjölfar fundarins svara bréfi forsætisráðherra og gera grein fyrir afstöðu forseta og embættis forseta Íslands til þess. Bréfið fól í sér beiðni um tiltekna upplýsingar en í því voru hvorki tilskipanir né „rakalaus tilraun til íhlutunar í samskipti forsetaembættisins og Alþingis“ eins og þér haldið fram í bréfi yðar og er ástæða til þess að mótmæla þessari framsetningu af yðar hálfu.

Með lögum, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur), nr. 86/2010, var samþykkt sú breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands að forsætisráðherra staðfesti siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands ásamt því að staðfesta siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar í kjölfar samráðs á ráðherrafundi. Vegna þessa er það mikilvægt að forsætisráðherra sé upplýstur um hvernig önnur stjórnvöld, s.s. embætti forseta Íslands, hrinda í framkvæmd þeirri almennu kröfu í samfélaginu að stjórnvöld setji sér skýrar og marktækar siðareglur. Undirstrika má að framangreind lagabreyting gerir m.a. ráð fyrir því að settar verði siðareglur er gildi fyrir alla opinbera starfsmenn og þ.á m. starfsmenn embættis forseta Íslands. Reglur sem þessar eru mikilvægar til að sátt náist í samfélaginu um störf stjórnvalda og vill forsætisráðherra ennfremur

árétta það sem fram kemur í síðara bréfi ráðuneytisins, dags. 1. júlí, að forsætisráðherra telur mikilvægt að stjórnvöld leggist á eitt að bregðast vel og málefnalega við tillögum í skýrslunni og standa Alþingi skil á eftirfylgni með þeim.

Í bréfi yðar vísið þér til þess að þér hafið boðið að bréf ráðuneytisins yrði dregið til baka svo forðast mætti að árrétta skriflega það sem þér teljið vera misskilning. Í því sambandi er rétt að ítreka að forsætisráðherra óskaði á umræddum fundi með yður eftir efnislegu svari við bréfi sínu þar sem gerð yrði grein fyrir afstöðu forseta og embættis forseta Íslands til þess. Jafnframt telur forsætisráðherra rétt að taka fram að samkvæmt 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, ber stjórnvöldum, þar á meðal forsætisráðuneytinu og embætti forseta Íslands, að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekin mál, sé þess óskað. Til þess að þessi skylda sé virk er ennfremur mælt fyrir um það í 22. gr. sömu laga að stjórnvöldum sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg. Stjórnvöldum er almennt ekki heimilt að draga bréf til baka og afmá þau samhliða úr skjalaskráum sínum. Það á m.a. við í þeim tilvikum þegar stjórnvöld taka ákvarðanir eða lýsa beinlínis yfir tiltekinni afstöðu sem síðan er dregin til baka.

Þá vill forsætisráðherra taka undir það með forseta að mikilvægt er að góð og skilvirk samskipti séu á milli embættis forseta Íslands og forsætisráðuneytisins. Fundir forsætisráðherra og forseta eru m.a. mikilvægir í því sambandi. Þó er það afstaða forsætisráðherra að embættismenn forsætisráðuneytisins eigi að geta haft samskipti við embætti forseta Íslands án þess að þau samskipti verði túlkuð sem íhlutun í starf forseta og að með því sé forsætisráðherra að fara út fyrir eðlileg valdmörk sín. Forsætisráðherra telur samskipti embættismanna forsætisráðuneytisins við embætti forseta Íslands hafa verið afar góð. Þau hafa í gegnum tíðina verið með margvíslegum hætti, m.a. með símtölum, tölvubréfum eða bréfum og falið m.a. í sér aðstoð embættismanna forsætisráðuneytisins við embætti forseta þegar kemur að úrslausn lagalegra álitafna og við almenna stjórnsýslu embættisins, rekstur þess og þjónustu. Er það von forsætisráðherra að forsætisráðuneytið megi viðhalda þessum góðu samskiptum við embætti forseta Íslands áfram.

Að síðustu vill forsætisráðherra lýsa ánægju með að samkvæmt bréfi yðar eru komin á samskipti milli forsetaembættisins og Alþingis vegna skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Er þess að vænta að tillögum í skýrslunni er varða forsetaembættið og urðu tilefni bréfaskriftanna verði þar fundinn farvegur. Forsætisráðuneytið er reiðubúið að veita ráðgjöf eða koma að þeim málum með hverjum þeim hætti sem forseta þykir tilhlýðilegt.

Með vinsemd og virðingu



Jóhanna Sigurðardóttir

Fylgiskjal VII.**Bréf forsætisráðherra til forseta Íslands, 25. mars 2011.**

(<http://www.mbl.is/media/54/3054.pdf>)

Forsætisráðuneytið hefur nú til umfjöllunar erindi sem barst þann 14. mars sl. frá fréttastofu Stöðvar 2 þar sem óskað er eftir því að fréttastofan fái afhent öll skrifleg samskipti sem farið hafa á milli forsætisráðherra og forseta Íslands um setningu siðareglna fyrir forsetaembættið, með vísan til 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Forsætisráðuneytið upplýsti forsetaembættið um umrætt erindi í sl. viku og föstudaginn 18. mars sl. áttu embættismenn í forsætisráðuneytinu að ósk embættis forseta Íslands sínafund um málið með embættismönnum á skrifstofu forseta. Þar greindu embættismenn forsætisráðuneytisins frá þeirri afdráttarlausu afstöðu ráðuneytisins að upplýsingalög nr. 50/1996 væru skýr að því leyti að afhenda bæri þau bréfaskipti sem Stöð 2 hefur óskað eftir í umræddri upplýsingabeiðni. Að ósk forseta áttu embættismenn í forsætisráðuneytinu jafnframt fund þann 21. mars sl., með forseta og embættismönnum hans þar sem farið var ítarlega yfir málið. Á fundinum óskaði forseti eftir formlegri afstöðu forsætisráðherra til birtingar bréfanna áður en upplýsingabeiðninni yrði svarað.

Forsætisráðherra vill með vísan til framangreindra samskipta upplýsa forseta um það að forsætisráðuneytið mun afhenda Stöð 2 þau bréf sem ráðuneytið hefur sent forsetaembættinu og málið varða. Forsætisráðuneytið mun hins vegar, að svo stöddu, ekki afhenda bréf frá forseta Íslands eða embætti forseta Íslands sem málið varða, m.a. í ljósi þess að embætti forseta Íslands er annarrar skoðunar um skyldu til afhendingar bréfanna. Forsætisráðuneytið telur eftir sem áður að afhenda beri öll framangreind bréfaskipti á grundvelli ákvæða núgildandi upplýsingalaga nr. 50/1996 og það vil ég áréttta og undirstrika í bréfi þessu. Undirrituð telur því að embættin hafi ekkert val í þessu efni þar sem ekki sé neina undanþáguheimild að finna í núgildandi lögum varðandi skrifleg samskipti forseta og ráðherra hér á landi, hvað sem líður fram komnum sjónarmiðum forseta um að slík undanþáguheimild eigi að vera til staðar. Ráðuneytið er reiðubúið til þess að koma sjónarmiðum forseta Íslands í þessu efni á framfæri við allsherjarnefnd Alþingis sem nú hefur til umfjöllunar frumvarp til nýrra upplýsingalaga, óski forseti eftir því.